



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

60. tölublað 6. árgangur nóvember 2017 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

## Nýr matseðill

Alltaf gott að borða í skólanum!

[Matseðill hér.](#)

## Lykilspurningar

### Hvað vilt þú?

Hvernig get ég hjálpað þér?



Hvaða val hefur þú?

Hverju vilt þú breyta?



Hvernig viltu að þér líði?



Að hverju stefnir þú?

Hvað vilt þú að gerist næst?

Hvað er mikilvægt fyrir þig?



Ef þú gæti breytt einhverju, hverju myndir þú þá breyta?



Kæra skólasamfélag!

Haustið hefur verið gott í skólanum og skólustarf sem fyrr fjölbreytt. Veðrið leikið við okkur. Sundkennslu er lokið í bili og inniþróttir hafa tekið við til vors. Breytingar á nemendahóp eru nú um mánaðarmótin vegna flutninga, og við þökkum þeim sem flytja fyrir ánægjulega samvinnu og samveru og bjóðum nýtt fólk velkomið á leik- og grunnskólastig. Haustönn lýkur 10. nóvember og vetrarönn tekur við og á þeim tímamótum fara umsagnir grunnskólastigs heim sem og matsmöppur. Í lok mánaðar ætla foreldrar sem fyrr að baka piparkökukús sem fjáröflun sem nemendur njóta góðs að, það er mikilvægt fyrir allt okkar starf að eiga svo góða samvinnu við foreldra og að eiga virkt og öflugt foreldrafélag. Verið velkomin í skólann!


Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Skjátími barna

Umræður um skjátíma þekkjast flestir og hvar á að setja mörkin getur verið snúið þegar samræmi er ekki til staðar. Á Akureyri var búinn til samráðshópur sem fjallaði um þessi mál og út úr þeirri vinnu komu viðmið um skjátíma sem foreldrar ættu að kynna sér. Viðmiðin geta gagnast jafnt börnum, ungmennum sem og fullorðnum því flest þekkjum við þá tilfinningu að eyða óhóflegum tíma fyrir framan skjá. Gengið er út frá því að fullorðnir sýni gott fordæmi.

Heimild: Akureyri.is

Smelltu á myndina fyrir stærri mynd og meiri upplýsingar.



### Grænfáni-lýðheilsa

Í haust höfum við haldið áfram að vinna saman að þemanu **lýðheilsu**: *Hvernig er heilsa okkar í skólanum? Hreyfum við okkur nóg? Hvað getum við gert til að hreyfa okkur meira í daglegu lífi? Borðum við hollan mat? Líður okkur vel í skólanum og daglega lífinu? Erum við góð hvert við annað? Erum við dugleg að vera úti í náttúrunni? Hvaða áhrif hefur lífsstíll okkar á umhverfið?*

Einnig höfum við verið að ræða um lýðheilsu í samhengi við andlega heilsu. *Eiga allir vini í skólanum? Hvað gerum við ef einhver vantar leikfélaga? Getum við verið við sjálf? Getum við leitað til einhvers þegar okkur líður illa?*

Passið þið uppá að vera góður vinur við leikfélagann?



### Piparkökubakstur

Nú er komið að hinum árlega piparkökubakstri foreldrafélagsins. Eins og áður er þessu skipt upp á þrjú kvöld, **27. – 29. nóvember**. Hvert foreldri mætir einungis eitt kvöld, en ef eru foreldrar sem sjá sér fært um að keyra út húsunum á fimmtudagsmorgni, endilega að hafa samband við Margréti (maggaagusta@gmail.com).

Það verður sendur tölvupóstur með öllum helstu upplýsingum þegar nær dregur. Vinsamlegast **takið kvöldin frá** þar sem þetta er aðalfjáröflunin fyrir börnin okkar og æskilegt að allir leggi sitt af mörkun. Ekki er ætlast til að fólk sé að taka börnin sín með í baksturinn svo fínt er að fara að huga að pössun. Hlökkum til að sjá ykkur.



**Foreldrafélagið**

### Hagnýtar upplýsingar

Árskógar skóli er *opinn alla virka daga frá 8-16*.

Aðalnúmer 460-4970, Kötlukot 460-4973,  
skólastjóri 460-4971, eldhús 460-4979

[Skóladagatal 2017-2018](#) svo allt sé á hreinu!

Heimasíða skólans: <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

Við erum á facebook: <https://www.facebook.com/arskogarskoli/>

Netfang: [arskogarskoli@dalvikurbyggd.is](mailto:arskogarskoli@dalvikurbyggd.is)



náms **Á**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **Ó**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

# Viðburðadagatal nóvember 2017

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

		<p>1. nóvember Skipulagsdagur LOKAÐ</p> 	<p>2. nóvember Vetrarfrí LOKAÐ</p> 	<p>3. nóvember Vetrarfrí LOKAÐ</p>	4	5
6	7	<p>8 Baráttudagur gegn einelti</p> 	9	<p>10 Haustönn líkur Matsmöppur heim hjá grunnskólastigi</p>	11	12
<p>13 Vetrarönn hefst</p>	14	15	<p>16 Dagur íslenskrar tungu.</p> 	17	18	19
20	21	<p>22 Tómas 7 ára</p> 	<p>23 Náttfatadagur</p> 	24	25	26
27	 <p>Piparköku- bakstur</p>	<p>28</p> <p>Piparkökubakstur foreldrafélagsins</p>	<p>29</p> <p>Piparkökubakstur foreldrafélagsins</p>	30		